

Reglugjörð

102

5. ágúst

fyrir hreppstjóra um umsjón yfir kirkjujörðum.

Samkvæmt 8.—11. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta eru settar svolátandi reglur um umsjón yfir kirkjujörðum.

1. gr.

Hreppstjóri hefir umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrum, sem og itökum þeim, er presturinn notar sjálfur.

2. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld jarðanna og annara kirkjueigna, er hann hefir umsjón yfir, á rjettum gjalddaga. Láti leiguliði farast fyrir að greiða gjöld sín í gjalddaga, skal hreppstjóri sem allra fyrst, og í síðasta lagi innan 6 vikna eftir gjalddaga gjöra ráðstöfun til þess að þau verði tekin lögtaki, sbr. lög 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar. Að öðrum kosti svarar hreppstjóri sjálfur til þess, sem vangoldið kann að verða. Innheimt gjöld ber hreppstjóra að senda sýslumanni innan þriggja mánaða frá gjalddaga.

Hann skal í lok hvers fardagaárs senda sýslumanni skilagrein fyrir afgjöldum af kirkjueignum í hans hreppi Skilagreinin nær frá fardögum til fardaga.

3. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á kirkjueignum, sem hann hefir umsjón yfir eftir þeim reglum, sem hjer segir:

- a. Í hvert sinn, er slik kirkjueign losnar úr ábúð, ber honum að auglýsa það á kirkjufundum og víðar, og skora á þá, sem hafa hug á jörðunni að semja við hann um byggingarskilmála innan tiltekins tíma.
- b. Þeim, sem þareftir býður mest eftirgjald eftir jörðina, má hreppstjóri byggja hana, að áskildu samþykki sýslumanns, ef bjóðandi er fullveðja og dugandi maður, ætlar að sitja hana sjálfur, og býðst til að svara þeim leigumála að minsta kosti, sem goldist hefir eftir hana næst áður, enda sje leigumálinn ekki lægri en tíðkast um aðrar jarðir þar í sveit.
- c. Nú bjóða tveir eða fleiri dugandi og jafnhæfir menn fult eftirgjald eftir jörðina, og ræður sýslumaður þá hvern velja skal.
- d. Nú býðst ekki eftirgjald það, sem áður hefir goldist eftir jörðina og sanngjarnt má telja eftir venjulegum leigumála á jörðum þar í sveit, og ber þá hreppstjóra að skýra sýslumanni frá öllum þeim boðum í jörðina, er komið hafa, og lýsa um leið hæfileikum bjóðanda, en sýslumaður sendir síðan málið til stjórnarráðsins, er þá kveður á um leigumála og ábúð jarðarinnar.
- e. Ef bygging er ekki fullráðin fyrir fardaga þá, er jörðin losnar úr byggingu, verður hreppstjóri að byggja hana til bráðabirgða um ekki lengri tíma en 1 ár í senn og á þann hátt, sem haganlegastur er fyrir prestlaunasjóð.
- f. Nú er bygging ráðin og semur hreppstjóri þá byggingarbrjef í tvennu lagi, skrifar hann sjálfur og leiguliðinn undir bæði samritin, og sendir þau síðan

102
5. ágúst.

sýslumanni, og er byggingarbrjefið eigi gilt, fyrir en sýslumaður hefir ritað á það samþykki sitt.

- g. Það skal vera aðalregla að byggingarbrjefið heimili leiguliða æfilanga ábúð.
- h. Það skal gert að skilyrði í byggingarbrjefum fyrir kirkjujörðum, að leiguliði sje skyldur til að framkvæma árlega án þóknunar eða linunar í landskuldinni tiltekna, hæfilegar jarðabætur, er framkvæmdar verða með þeim fólksafla, er jörðin annars þarfnast.
- i. Eftirgjald jarðarinnar alt, bæði landskuld og leigur eftir kúgildi, skal ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert.
- f. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og skal hann að minsta kosti einu sinni á ári skoða hverja jörð í hreppnum og sjerstaklega athuga það, hvort áskildar jarðabætur sjeu framkvæmdar, sbr. 3. gr. h, og áminna leiguliða að bæta það, sem reynist ábótavant. Hann skal og sjá um að ekkert gangi undan kirkjueignunum af því, sem þeim hefir fylgt og fylgja ber. Hann má ekki liða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla, eða hús hrörna; honum ber að annast um að ítök og hlunnindi kirkjujarðanna verði hin arðsömustu.

5. gr.

Þegar leiguliðaskifti verða, skal hreppstjóri láta taka jörðina út á kostnað fráfaranda og viðtakanda og vera þar viðstaddur sjálfur, gæta rjettar landsjóðs (prestlaunasjóðs) í öllum greinum og krefjast álags eða uppbótar á því, er áfátt er í ábúðinni, alt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884.

Er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

6. gr.

Í umboðslaun og ómakslaun skulu hreppstjórar hafa 6% — sex af hundræði — af öllum þeim tekjum af kirkjueignum, sem þeir heimta saman og greiða til sýslumanns. Andvirði seldra kirkjueigna telst ekki með tekjum, og ber hreppstjóra því ekkert hundraðsgjald af því. Hið sama er um andvirði niðurlagðra eða seldra kúgilda og húsa.

7. gr.

Að öðru leyti ber hreppstjóra í þessu starfi sínu að fara eftir fyrirmælum þeim, er sýslumaður og stjórnarráðið setja þar um.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Í stjórnarráði Íslands, 5. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.